



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : San Miguel de Salinas

Izona : Costa Blanca norte

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2007

Sundlaug : Í sameign

Garður : Já

Eignin snýr : Á ekki við

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar : 125,95 m²

Stærð þaksvala : 18 m²

Flugvöllur : 30 min

Strönd : 10 min

Borg : 7 min

Golf : 5 min

✓ Geymsla

✓ Þaksvallir

✓ Kjallari

✓ Heimilistæki

✓ Verönd

Nýstandsett einbýlishús á 3 hæðum rétt fyrir utan líflega bæinn San Miguel de Salinas.

Húsið er tilbúið til afhendingar!

Húsið er 125,95m² með 3 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum ásamt óinnréttuðum kjallara þar sem hægt væri að útbúa auka svefnherbergi, tólmstundarherbergi, líkamsræktaraðstöðu eða vinkjallara. Einnig fylgja eigninni heimilistæki. Húsið stendur í sjarmerandi hverfi þar sem aðgangur að sameiginlegri sundlaug fylgir með auk sér bílastæðis inn á lóð.

Hér ertu nálægt allri þjónustu sem hugsast getur, stutt er í veitingastaði, súpermarkaði, almenningsamgöngur o.fl. Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín biður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdri heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman.

Hafirðu áhuga á að spila golf, þá ertu komin á rétta staðinn, en innan við 8 km radíus er að finna fjóra 18 holu golfvelli, s.s. Villamartin golfvöllinn, Campoamor Real Golf Klúbbinn, Las Ramblas golfvöllinn og Las Colinas völlinn.

Og fyrir sólarunnendur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Vertu velkomin að hafa samband til að fá frekari upplýsingar um þessa einstöku eign!